



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Seltjarnarnes, 5. mars 2003
SG/VI/hþ

Efni: Frumvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Landlæknisembættið styður eindregið að sett verði sérstök lög um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Landlæknisembættið hefur einungis athugasemdir við þrjár greinar frumvarpsins.

Athugasemd 1.

Í frumvarpinu segir:

I. KAFLI
Markmið.
1. gr.

“Markmið laga þessara er að tryggja að börn með alvarlegar þroskaraskanir sem geta leitt til fötlunar fái greiningu, ráðgjöf og önnur úrræði sem miða að því að draga úr afleiðingum röskunarinnar. Enn fremur að tryggja öflun, viðhald og miðlun fræðilegrar þekkingar á þessu sviði.

Í þessum tilgangi skal á vegum ríkisins starfrækt stofnun, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem þjóni landinu öllu.”

Tillaga Landlæknisembættisins:

I. KAFLI
Markmið.
1. gr.

Markmið laga þessara er að tryggja að börn með alvarlegar þroskaraskanir sem geta leitt til fötlunar fái greiningu, ráðgjöf og leiðsögn um önnur úrræði sem standa til boða í samfélaginu með það að marki að bæta lífsgæði þeirra. Enn fremur að stuðla að öflun, viðhaldi og miðlun fræðilegrar þekkingar á þessu sviði.

Í þessum tilgangi skal á vegum ríkisins starfrækt stofnun, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem þjóni landinu öllu.

Athugasemd 2:

Í frumvarpinu segir:

III. KAFLI
Frumgreining.
3. gr.

“Áður en til tilvísunar til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins kemur, skal hafa farið fram frumgreining skv. 17. og 18. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

Frumgreining getur einkum farið fram hjá eftirtöldum aðilum: Barnadeildum sjúkrahúsa, sérfræðiþjónustu grunnskóla, ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu leikskóla, sérfræðingum svæðisskrifstofa, greiningarteymum heilbrigðisstofnana, Sjónstöð, Heyrnar- og talmeinastöð og ýmsum öðrum sérfræðingum.”

Tillaga Landlæknisembættisins:

III. KAFLI
Frumgreining.
3. gr.

Áður en til tilvísunar til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins kemur, skal hafa farið fram frumgreining skv. 17. og 18. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

Frumgreining getur farið fram hjá eftirtöldum aðilum: Barnadeildum sjúkrahúsa, sérfræðiþjónustu grunnskóla, ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu leikskóla, sérfræðingum svæðisskrifstofa, greiningarteymum heilbrigðisstofnana, Sjónstöð, Heyrnar- og talmeinastöð og ýmsum öðrum sérfræðingum.

Athugasemd 3:

Í frumvarpinu segir í 7 tölulið 4. greinar:

IV. KAFLI
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
4. gr.


“ 7. Þróun, rannsókn og dreifingu á aðferðum og gögnum til greiningar á fötlunum og þroskaröskunum og á mismunandi meðferðaraðferðum.”


Tillaga Landlæknisembættisins:

IV. KAFLI
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
4. gr.

7. Þróun, rannsóknir og miðlun aðferða og gagna til greiningar á fötlunum og þroskaröskunum og á mismunandi meðferðaraðferðum.

Virðingarfyllst,


Sigurður Guðmundsson
landlæknir


Vilborg Ingólfssdóttir
yfirhjúkrunarfræðingur